

## 4. gr.

## 12. gr. hljóði svo:

Eigi síðar en í marsmánuði ár hvert skal aðalfundur sjóðsins haldinn. Aðalfundur og aukafundur hafa æðsta vald í málefnum sparisjóðsins. Rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétti eiga 7 fulltrúar sem sérstaklega eru til þess kjörnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Einnig eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti stjórnarmenn ásamt sparisjóðsstjóra. Skal til fundarins boðað með a. m. k. 10 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn sjóðsins og sparisjóðsstjóri skýra frá hag sjóðsins og rekstri hans á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun launakjara stjórnarmanna og endurskoðenda skv. tillögum stjórnarinnar.
3. Kosning fulltrúa á aðalfund Sambands íslenskra sparisjóða.
4. Ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og staðfesting ársreiknings.
5. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum sparisjóðsins að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar.
6. Önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um skv. lögum eða sem sparisjóðsstjórn eða aðalfundarfulltrúar vilja leggja fyrir fund.

Til aukafunda skal boðað á sama hátt ef formaður stjórnar, sparisjóðsstjóri, 2 stjórnarmenn eða 3 aðalfundarfulltrúar óska.

Fundur eru því aðeins lögmatir að a. m. k.  $\frac{2}{3}$  fulltrúa mæti. Á fundi ræður afl atkvæða.

## 31. gr. hljóði svo:

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðendur og tvo til vara og skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar að loknum bæjarstjórnarkosningum til fjögurra ára í senn.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sparisjóði nr. 69 27. júní 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Viðskiptaráðuneytið 8. janúar 1980.*

**Kjartan Jóhannsson.**

*Yngvi Ólafsson.*

**REGLUGERÐ****um búfjárhald í Höfðahreppi.**

## 1. gr.

Mönnum er heimilt að hafa hross og kindur í eignarlandi Höfðahrepps, enda verði fylgt þeim reglum og ákvæðum sem þessi reglugerð greinir svo og ákvæðum fjallskilareglugerðar og lögreglusamþykktar A.-Hún.

## 2. gr.

Hross, að fráskildum brúkunarhestum, og kindur skulu rekin og höfð á afréttarlandi Höfðahrepps yfir sumarið.

Ef hætta er á örtröð eða um of mikinn búfénað er að ræða í högunum að dómi hreppsnefndar, getur hún takmarkað fjölda þess og sett skammtímareglur þar um.

## 3. gr.

Þegar hross og kindur eru ekki á afréttarlandi hreppsins skulu þau vera í heldum girðingum. Er öll lausaganga kinda og hrossa í landi hreppsins, sem ekki er ætluð þeim eða á götum eða opnum svæðum í kaupúninu stranglega bönnuð. Þar sem kaupúnið er afgirt girðingum og hliðum skal líta svo á, að búfénaður sem gengur laus í kaupúninu, sé þar algjörlega á ábyrgð eiganda, enda ber að líta svo á, að búfénaður sem er í kaupúninu séu skepnur, sem fari yfir eða í gegnum venjulegar girðingar og hlið.

## 4. gr.

Hross og kindur sem eru á flækingsi á götum kaupúnsins eða ganga laus í landi hreppsins þar sem þau eiga ekki að vera, skulu handsömuð og sett í örugga vörslu. Eigendur fá þau afhent gegn greiðslu raunverulegs kostnaðar við töku þeirra og tjóns ef orðið hefur, annars verða þau seld á uppboði og gangi uppboðsandvirðið til greiðslu kostnaðar, en eigandi, finnst hann, fær afganginn. Innlausnarfrestur fjallskilareglugerðar og laga um afréttarmál gildi um sölu þessa búfénaðar.

## 5. gr.

Séu hross og kindur sama eiganda tekin hvað eftir annað, getur hreppsnefnd svipt hann leyfi til þess að hafa hross og kindur í landi hreppsins og skulu þau þá fjarlægð án tafar. Verði það ekki gert skulu þau seld á uppboði sbr. 4. gr.

## 6. gr.

Að vetrinum þegar snjór gerir girðingar gagnslitlar, skulu menn taka hross sín í hús eða aðra örugga vörslu, svo þau valdi ekki ágangi.

## 7. gr.

Ákvæði 4., 5. og 6. gr. gilda einnig um búfénað sem er eign annarra en íbúa Höfðahrepps.

## 8. gr.

Hest- og fjárhús skulu vera rúmgóð og þrifaleg. Dimm og rök hús eða þau sem dýralæknir telur óhæf, skulu rifin á kostnað eiganda, enda hafi hann ekki bætt úr eftir hæfilegan frest.

## 9. gr.

Hugar við hest- eða fjárhús skulu fjarlægðir vor hvert, svo tímanlega sem tíðarfar leyfir og í síðasta lagi 25. maí. Vanræksla á þessu heimilar hreppsnefnd að synja viðkomandi eiganda um hagagöngu í landi hreppsins. Auk þess skulu hugar þá fjarlægðir á kostnað eiganda.

## 10. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála og skulu sektir vera kr. 10 000 til 200 000.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 31 24. apríl 1973 um búfjárrækt öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 8. janúar 1980.*

**Bragi Sigurjónsson.**

**Haukur Jörundarson.**